Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Spretts 28. Apríl 2026, fundur hófst kl 18:00.

Staður: Fundarherbergi Samskipahöllinni

Mætt eru: Halldór Gunnar Victorsson, Sævar Kristjánsson, Nína María Hauksdóttir, Sigrún Valþórsdóttir, Hildigunnur Guðmundsdóttir, Hrafnhildur Blöndahl, Haraldur Pétursson, Berglind Guðmundsdóttir.

Fjarverandi:

1. **Viljayfirlýsing**
   Allt að verða klárt fyrir undirskriftina, gert er ráð fyrir að stilla upp borðum í vesturenda Samskipahallarinnar fyrir undirskriftina og fá nokkra unga knapa á hestum til að vera með.

2. **Viðrunarhólf**
   Er í farvegi en vegna anna þarf að fresta úthlutun um nokkra daga. Berglind sendir út tilkynningu.

3. **Íþróttamót**
   Undurbúningar Íþróttamótsins í farvegi, búið að auglýsa. Það á eftir að ganga frá veitingasölu og matarmálum fyrir starfsfólk. Haraldur talar við Davíð um netmál niðri á vellinum. Það þarf að merkja völlinn upp og einnig þarf tímatökubúnaður að vera klár fyrir skeiðgreinar.
   Rætt almennt um kostnað móta, t.d. kostnað við verðlaunagripi.

4. **Gæðingamót**
   Hópur sem ætlar að taka að sér að halda Gæðingamótið mun koma á næsta fund og fara yfir stöðuna.

5. **Firmakeppnisbikarar**
   Berglind er með málið í vinnslu.

6. **Félagshesthús**
   Rætt um félagshesthúsið en þar þarf að laga niðurfallslok í gólfi. Jóna og Lilja hafa verið að fara með krakkana í útreiðartúra.

7. **Önnur mála**
   Námskeið fyrir Reiðkennara á hólum í haust.
   Aðeins rætt um tryggingarmál en nýlega voru tryggingar félagsins endurnýjaðar. Stjórnin þarf að kynna sér hvað tryggingar ná yfir t.d. í tengslum við námskeið, keppnishald og viðburði í reiðhöllum félagsins.

Fundi slitið kl. 19:30

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson